

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

*Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Villingavatns, Einbúi 1, 2 og 3.*

Deiliskipulagið nær til svæðis sem er vestan við frístundabyggðina í landi Villingavatns. Í því eru markaðar þrjár frístundalóðir, tvær 0,5 ha að stærð og ein 6,1 ha að stærð. Heimilt verður að reisa 50 m<sup>2</sup> til 200 m<sup>2</sup> hús á lóðunum auk allt að 40 m<sup>2</sup> aukahúss. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. desember 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 3. desember 2008.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 16. desember 2008